

Stóra ferð Flakkaranna 2004-09-26

16. júlí föstudagur.

Ferðin hófst hjá okkur flökkurum 194 á síðkvöldi föstudagsins þegar flestallir flakkararnir sem fóru í ferðina voru komnir í ró að Skipalæk í Fellum. Ástæða þess að við lögðum svona seint af stað var málið með unglínginn á heimilinu hana Dagnýju sem ekki vildi koma með. Þegar ráðstafanir höfðu verið gerða sem allir gátu sætt sig við lögðum við af stað austur um miðnættið. Í Fellabæ vorum við komin að ganga 4 um nóttina.

17. júlí laugardagur.

Rigning í morgun. Stoppað í verslun á Egilsstöðum og fyllt á bílinn fyrir ferðina. Svo var svo haldið niður á Reyðarfjörð og þáðu ferðalangar þar kaffi í boði Sveins Heiðars formanns sem sýndi okkur vinnusvæði það sem hann stendur fyrir þar á bæ.



Bílaflotinn á Reyðarfirði.

Þaðan var haldið suður um firði og með smá stoppum hér og þar, var haldið að Staðarborg í Breiðdal þar sem gist var um nóttina. Létt var yfir mannskapnum og þegar á kvöldið leið safnaðist fólkið saman inni og var þar slegið upp balli sem stóð fram á nótt. Gaman.



Við Staðarborg

18. júlí sunnudagur.

Milt veður þegar við fórum á fætur.

Stefnan tekin suður með ströndinni og stefnt á Djúpavog.

Staldrað var við í Teigarhorni og steinasafnið skoðað sem fólkið þar hefur komið upp af smekkvísi.



Einn af steinunum á Teigarhorni.

Svo var slakað á á Djúpavogi, farið í sund og gönguferðir þess háttar.

Lífinu tekið með ró um kvöldið.



Flakkarar samankomnir á Djúpavogi.



Ólöf hendir gaman af ferðafélögunum.

\*\*\*\*\*

19. júlí mánudagur

Haldið áfram suður firðina og næsti áfangastaður var Staðarfell í Lóni. Á leiðinni þangað fóru sumir smá króka inn í dali hér og þar. Við fórum ásamt nokkrum öðrum slóð inn Geithelladal. Þar var svipast um eftir hreindýrum og öðru kvikfénaði.



Klettlifur á bíl



Sjást nokkur hreindýr?



Í Geithelladal



Fræknir ferðalangar við Hvalnesvita



Flotinn á túninu í Stafafelli í Lóni

Þar var nú margt brallað.



Ingvar að vingast við sauðféð.....og hundinn á bænum og gerir ekki upp á milli.



Útimarkaður



Um kvöldið var tekið lagið við undirleik Steinunnar og fleiri.

\*\*\*\*\*

20. júlí þriðjudagur

Smá rigning en svo var sólarglenna í morgun.

Fórum suður á bóginn og sunnan Almannaskarðs fórum við út á Stokksnes þar sem radarstöðin var eitt sinn.



Á Stokksnesi. Flakkari 113 í skrytnum félagskap.

Litum við í eyðibýlinu Horni og skoðuðum þar húsarústir og fleira. Vorum þar í fylgd flakkara 113.

Svo var rennt í hlað á Höfn og hreiðrað um sig á tjaldstæði staðarins í blíðuveðri.



Friðsæld, - Flakkari 113 að troða í pípuna sína.

Svo var grillað og slakað á í góðum félagsskap og notið lífsins í ró og næði enda lék veðrið við “hvurn sinn fingur”.



Kvöldsól á Höfn í Hornafirði

\*\*\*\*\*

21. júlí. Miðvikudagur

Skoðuðum okkur um á Höfn fram eftir degi. Héldum svo af stað síðdegis. Fórum slóða upp að Fláarjökli og skoðuðum jökulinn í nálægð. Öðruvísi fyrir okkur norðlendinga.

Stoppuðun um stund hjá Hala í Suðursveit og á mörgum öðrum stöðum til að virða fyrir okkur útsýnið og njóta veðurlíðunnar en veðrið var með þvílíkum ágætum að erfitt var að hafa sig af stað þegar maður stoppaði. Komum svo glorhungeruð í Skaftafell þar sem grillað var í góða veðrinu og lífsins notið m.a. í félagi við flakkara 301 frá Akranesi.

\*\*\*\*\*

22 júlí fimmtudagur

Dvöldum í Skaftafelli í dag. Veðrið var mjög gott og fjallasýn með besta móti. Gengum um þjóðgarðinn og skoðuðum náttúruna skarta sínu fegursta.





Í Skaftafelli.

Renndum upp að Svínafellsjökli og skoðuðum hann.



Við jökulinn.

Fórum í sund í Flosalaug í Svínafelli en laugin sú er hituð upp með vatni frá sorpbrennslunni í sveitinni, en hún er nú góð fyrir því.



Flosalaug.



Svartifoss

Eftir kvöldmatinn fórum við svo áfram í Kirkjubæjarklaustur þar sem lokahófið skyldi vera annað kvöld.

\*\*\*\*\*

23. júlí föstudagur.

Vöknuðum í ausandi rigningu. Ekkert er það svo sem slæmt þegar maður er inni í hlýjum húsbílnum og notalegt að teygja úr sér og hlusta á regndropana á þakinu.

Svo stytta upp og deginum var varið í félagsskap hinna flakkaranna.

Um sjöleytið hittust svo allir í félagsheimilinu og undirbjuggu lokahófið en það var svo haldið í hótelinu á staðnum. Eftir ljúffenga veislumáltíð var haldið til baka og slegið upp skemmtun og dansað fram á nótt. Til stóð að fá einhverja heimamenn til að spila fyrir dansi en þegar til átti að taka fékkst enginn til þess svo flakkarar urðu þá bara að spila sjálfir. Lauk svo formlega þessari flakkaferð og héldu svo hver í sína áttina eftir sérlega skemmtilega ferð.



Samkomuhúsið að Klaustri þar sem lokahófið var.

\*\*\*\*\*

24. júlí laugardagur.

Sól í morgun og bjart yfir suðurlandinu. Héldum í vesturátt og keyrðum í sólskininu í átt að Vík. Á Mýrdalssandi kom húsbíll á eftir okkur og voru það flakkarar 228. Urðum við samferða spottakorn en eftir nokkurn akstur sprakk afturdekk undir ferðafélögunum.

Aðstoðum þau við að skipta um dekk og renndum svo í hlað í Vík. Þar var svo áð um stund og snæddur ljúfengur málsverður í boði flakkara 228.



Á Mýrdalssandi.

Héldum áfram ferðinni og litum því næst niður í Reynishverfi og litum í fjöruna við Reynisdranga. Þar ef fallegt um að litast.



Reynisfjara.



Reynisfjall séð frá Dyrhólaey.

Komum svo við í Dyrhólaey og Loftsalahelli og fórum rólega yfir því veðrið var frábærlega gott.

Áfram var svo haldið og undir Eyjafjöllum var stoppað við Skógarfoss til að taka myndir. Enn fremur Seljalandsfoss.



Þessa félagi þarf ekki að kynna.

Svo er skemmst frá því að segja að við heyrðum símleiðis frá dætrum okkar sem voru í útilegu á Þingvöllum. Það togaði í mann og við stoppuðum ekki fyrr en á tjaldstæðinu þar. Áttum við svo ánægjulegar stundir þar saman.



Á Þingvöllum.

\*\*\*\*\*

25. júlí sunnudagur.

Urðum þeim svo samferða til Reykjavíkur og fórum um Nesjavelli meðfram hitaveitulögninni yfir til Reykjavíkur.

Á norðurleiðinni tók að hvessa og þegar á Holtavörðuheiði koma var farið að rigna hressilega og lítið gaman að halda áfram í þessu roki. Fórum norður í Hrutafjörð og gistum á tjaldstæði að Reykjum.

Lögðum bílnum undir húsvegg og létum svo vindinn vagga okkur í svefn.

Segir svo ekki meir af þessari (hring)ferð en hún tókst mjög vel í alla staði og verður gaman að endurtaka þetta næsta sumar.

Sjáumst.

Kveðja

Flakkarar 194